

Nd.

77. Frumvarp

til laga um biskupskosningu.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Þegar biskupsembætti þjóðkirkjunnar losnar, skal það veitt samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðis-kennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rjett hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð, er þeim þykir best við eiga.

3. gr.

Rjett kjörinn biskup er sá, sem fær $\frac{3}{5}$ atkvæða.

Nú fær enginn þann atkvæðafjölda, og skal embættið þá veitt þeim þeirra þriggja, er flest fekk atkvæðin og kirkjustjórnin telur best til þess fallinn.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur kirkjustjórnin.

Á s t æ ð u r.

Á síðasta þingi var borið fram frumvarp um biskupskosningu; var því vísað til stjórnarinnar með þeirri áskorun, að hún ljeti leggja það fyrir Synodus og hjeradsfundi. Þetta hefir biskup landsins gert.

Í ástæðum frumvarpsins var þess getið, að hjer væri að ræða um upp-töku gamals og góðs síðar frá blómaöld kristinnar hjer á landi, en sem hefði löngu síðar lagst niður af völdum erlendrar stjórnar. Saga málsins var þar og í flutningi málsins nokkuð rakin.

Biskupskosning er lögtekin í 3 nágrannalöndum vorum, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og er á döfinni í Danmörku. Ber það til þessarar löggjafar, að kirkjan óskar að fá þá hlutdeild í stjórn sinni, sem samrýmst getur sambandi hennar við ríkið, og verður að telja þá ósk sanngjarna og eðlilega í alla staði.

Hjer á landi er söfnuðunum veittur rjettur til að kjósa presta sína, vígslu-biskuparnir eru skipaðir samkvæmt tillögum prestastjettarinnar og prófastarnir sömuleiðis. Er frumvarpið í fullu samræmi við þetta fyrirkomulag.

Synodus var málinu fylgjandi, en breytti frumvarpinu í þá átt, að biskup skyldi kosinn af kjörmönnum, einum kosnum af prestunum í hverju prófastsdæmi, og einum af guðfræðisdeild háskólans, eða 21 manni alls. Ríkissjóður átti að greiða ferðakostnað kjörmanna á kjörfund og annan kostnað við fundarhaldið.

Þessi aðferð er allfyrirhafnarmikil og kostnaðarsöm.

Frá 13 hjeradsfundum eru svör komin; eru 11 fylgjandi frumvarpinu, en 2 af þeim vilja hafa svipað fyrirkomulag á kosningunni og Synodus, þó nokkuð umfangsminna. En 2 hjeradsfundir vilja una við hið núverandi fyrirkomulag.

Frumvarp þetta er að nokkru leyti sniðið eftir samskonar löggjöf fyrnefndra landa, en þó haldið þeirri meginreglu frumvarpsins í fyrra, að meiri hluti atkvæða prestastjettarinnar ráða mestu um veitingu biskupsembættisins; er það í fullu samræmi við Synodus og meiri hluta hjeradsfundanna.

Frekari grein verður gerð fyrir frumvarpinu í flutningi þess í deildinni.